

Aðalfundur Listvinafélagsins í Hveragerði, haldinn í Listasafni Árnesinga, laugardaginn 15. mars. 2014, kl. 11:00. 14 manns sátu fundinn.

1 Ávarp formanns Guðrúnar Tryggvadóttur.

Guðrún kom víða við um starf félagsins á árinu en þetta er þriðja starfsár félagsins. Hún nefndi að sérstaða Hveragerðis við upphaf þéttbýlis byggist m.a. á því að enginn staður hér á landi hefur komist nær því að geta kallast listamannánýlenda þar sem hlutfall listamanna í heildarfjölda íbúenda var hátt. Þetta er eitt af því sem Listvinafélag Hveragerðis vill halda á lofti. Fyrir þremur árum vann núverandi stjórn félagsins saman að sýningu um listamennina í Hveragerði, þá fyrir Félag eldri borgara í Hveragerði. Samstarfið var svo gjöfult og ánægjulegt og leiddi til endurlífgunar þessa félags „Listvinafélags Hveragerðis“ fyrir tveim árum síðan.

Þau héldu áfram að rannsaka sögu skáldanna sem hér settust að um miðbik síðusta aldar og hönnuðum nýja sýningu, farandsýningu sem nú hefur staðið uppi í Verslunarmiðstöðinni Sunnumörk í tæp tvö ár.

Stjórn Listvinafélagsins hefur nú þegar kynnt bæjaryfirvöldum hugmyndir að nýrri útfærslu af sýningu um listamenn í Hveragerði og lagt var til að hún yrði staðsett í Lystigarðinum sjálfum. Sú sýning tekur yfir allar listgreinar, ekki aðeins ritlist. Sú sýning tekur yfir allar listgreinar, ekki aðeins ritlist.

Vel var tekið í þessar hugmyndir af hálfu bæjarstjórnar og sett var saman kostnaðarliður um verkið, styrkumsókn hefur verið send til Menningarráðs Suðurlands og áætlun að sýningunni yrði komið upp á þremur árum, gangi fjármögnun eftir.

Áherslupunktur sýningarinnar verða í megindráttum þrír, þ.e. Manneskjan - listamaðurinn, fjölskylda hans og vináttutengsl, Staðurinn - Hveragerði, í þátið og nútíð og Listin - verk listamannanna.

Félaginu var boðið að koma með sýninguna á ráðstefnunna Menningarlandið 2013 – sem haldin var á Kirkjubæjarklaustri dagana 11. – 12. apríl sl. Sýningin var sett upp í Skaftárstofu. Þann 30. apríl hélt félagið Menningardagskrá í Listasafni Árnesinga í samvinnu við Hveragerðisbæ og Sögufélag Árnesinga. Svanur Jóhannesson flutti m.a. erindið „Listamannabærinn Hveragerði um miðja tuttugustu öld“.

Félagið eignaðist ljósrít af þeim skjölum sem til eru á Skjalasafni Akureyrar og tengjast Kristjáni frá Djúpálæk, Ríkarði Jónssyni og Ingunni Bjarnadóttur.

Fjöldi nýrra listamanna voru skráðir á tímalínu vefsins okkar listvindir.is auk þess sem nýjir liðir, til móttöku efnis frá lesendum voru forritaðir fyrir vefinn. Þátturinn heitir „Þín upplifun og minningar“.

Á Blóm í bæ vorum við með sýningu í Vamahlíðarhúsinu þar sem vefsíðan okkar var kynnt og gestum boðið í leik að orðum.

Hveragerðisbær studdi okkur með sérstökum myndarskap og tók á sig allan kostnað við sýninguna og fyrir það erum við sérstaklega þakklát.

Þann 2. nóv. sl., á Safnahelgi á Suðurlandi, vorum við í samvinnu við Bókasafnið með sýningu á munum úr fórum Kristjáns frá Djúpálæk, gjafar sonar Kristjáns til Listvinafélagsins, en þar var einnig flutt fjölbreytt dagskrá, m.a. mjög áhugavert erindi, mastersritgerð Aðalbjargar Bragadóttur íslenskufræðings um ljóðagerð Kristjáns.

Þann 12. des. sl. tókum við þátt í jóladagskrá með Listasafni Árnesinga í tengslum við sýninguna Jólin koma þar sem teikningar Tryggva Magnússonar við kvæði Jóhannesar úr Kötlum úr metsölubókinni Jólin koma voru til sýnis.

Við gáfum einnig út bækling á árinu.

Menningarráð Suðurlands studdi okkur á árinu.

Annað sem að fékkst fram og Guðrún nefndi sérsaklega er að góður samningur fékkst við bæjarstjórn um stuðning til næstu þriggja ára auk þess sem bæjarstjóri sótti um styrk fyrir félagið til Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands sem gekk eftir.

Guðrún minnti á að félag er ekki félag án þátttöku félaganna sjálfra og því hvatti hún alla félagsmenn til að koma með tillögur að því hvað þeim fyndist að við ættum að taka fyrir eða leggja áherslu á. Það er hægt að hafa samband við hana eða einhvern í stjórninni til að viðra hugmyndir eða mæta til okkar á stjórnarfund og kynna okkur hugmyndirnar.

2 Kjör fundarstjóra og fundarritara.

Formaður tilnefndi Eyþór Ólafsson fundarstjóra sem var samþykkt.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og tilnefndi Sæunni Freydísi Grímsdóttur fundarritara. Samþykkt.

3 Skýrsla stjórnar, formaður er búinn í sínu ávarpi að flytja skýrslu stjórnar.

4 Reikningar lagðir fram af Svani Jóhannessyni gjaldkera félagsins.

Tölur úr rekstrarreikningi, 67 manns eru skráðir í félagið, þar af 1 nýr á þessu ári.

Tekjur:

55 félagsmenn hafa greitt félagsgjöld, 2.000,- x 55 = kr. 110.000,-

Styrkir sem félagið hefur hlotið frá Menningarráði Suðurlands kr. 200.000,-

og frá félagasamtökum kr. 300.000,-

Aðrar tekjur eru bóksala, kr. 1.500,-

Gjöld:

Kostnaður v. sýninga og fl. samtals kr. 335.798,-

Annar kostnaður, t.d. tryggingar, sími, bókhaldsaðst. og fl. Kr. 64.518,-

Fjármagnsliðir vaxtatekjur og fjármagnstekjuskattur kr. 3.037,- kr. 607,-

400.316,- 613.930,-

Tekjuafgangur 213.614,-

Samtölur 613.930,- 613.930,-

Tölur af efnahag.

Vefur og sýningarmunir 600.000,-

Innistæða á bankareikningi 301.041,-

Eigið fé í árslok 2013 kr. 889.776,-

5 Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, formanni og gjaldkera þökuð góð störf.

6 Reikningar samþykktir, samhjóða.

7 Lagabreytingar. 3 breytingartillögur lágu fyrir frá Svani Jóhannessyni og Björg Einarsdóttur við lög Listvinafélags Hveragerðis.

1) Við 1. gr. Nafn félagsins er Listvinafélagið í Hveragerði.

Nokkrar umræður um tillöguna en hún síðan samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

2) Við 12. gr. Félaginu verður því aðeins slitið að 60 % fundarmanna á lögmætum aðalfundi samþykki, og það síðan samþykkt með minnst 60 % greiddra atkvæða við almenna, skriflega atkvæðagreiðslu meðal allra félagsmanna.

Tillagan samþykkt samhljóða.

- 3) 3ja grein orðist svo. **Markmið Listvinafélagsins í Hveragerði er að efla menningarlíf með námskeiðum, sýningum og viðburðum í samvinnu við söfn, bæjarfélög, ferðamálayfirvöld og menningarsetur víðs vegar um landið. Einnig að halda á lofti minningu þeirra listamanna sem fyrstir bjuggu í listamannabænum Hveragerði og kynna þá sem á eftir hafa komið.**
Tillagan samþykkt samhljóða.
- 4) Breytingartillögur við 9. grein komu frá Hlíf S. Arndal.
Ávarp formanns verði:
Setning fundar. Skipun fundarstjóra og funarritara.
Samþykkt samhljóða.
- 5) 8 liður komi nýr inn: **Starfsáætlun ársins lögð fram.**
Nokkrar umræður urðu um gerð starfsáætlunar, til máls tóku, Kristín Dagbjarts., Inga Jónsd., Einar Bergmundur, Guðrún Tryggvad. og Svanur Jóhannesson.
Rætt var um tilgang gerðar starfsáætlunar fyrir næstu stjórn, fundarmenn töldu ekki að verið væri að binda hendur nýrrar stjórnar heldur að kynna hvað félagið væri að gera og hvað það ætlað að gera.
Samþykkt samhljóða.
- 8 Félagsgjöld ákveðin óbreytt frá fyrra ári kr. 2.000,-.
- 9 Kosning formanns. Formaður var kjörinn til 2ja ára og þarf því ekki að kjósa hann að þessu sinni.
- 10 Kosning stjórnar og varamanna. Heiðdís Gunnarsdóttir, Eyþór Ólafsson og Hlíf S. Arndal eiga öll að ganga úr stjórn en þau gefa öll kost á sér áfram og voru samþykkt með lófataki.
- 11 Kosning skoðunarmanna reikninga. Jóhanna M. Hjartardóttir og Kristín Dagbjartsdóttir voru kjörnir skoðunarmenn með lófataki.
- 12 Kosning nefnda. Engin nefnd var kosin á fundinum.
- 13 Önnur mál. Eyþór upplýsti að Listvinafélagið sé að missa húsnæðið í Sunnumörkinni en þangað mun ÁTVR koma.
Svanur talaði um friðlýsingu húsa í Hveragerði eins og hann ræddi einnig á fundinum í fyrra. Minntist hann á hús Kristins Péturssonar að Bláskógum 6 sem búið er að breyta nokkuð.
Svanur nefndi einnig að vert væri að friðlýsa myndina af Skáldsgötunni eins og hún var og er að nokkru. Svanur nefndi líka gömul hús í þorpinu eins og Mjólkurbúið, Þinghúsið og Sundlaugarhúsið sem vert væri að friðlýsa. Heiðdís minntist á húsið Helgafell. Svanur nefndi ný húsafriðunarlög sem gildi tóku 1. jan. 2013. Mörg hús væru friðlýst í Reykjavík við ýmsar af elstu götum bæjarins eins og t.d. við Laugaveg, Hringbraut, Tjarnargötu og fl. Friðlýst hús á Suðurlandi eru alls um 60, þar af um 40 kirkjur og 20 önnur hús. Öll hús 100 ára og eldri eru sjálfkrafa friðlýst skv. nýju lögunum, nr.80/2012 og fer forsætisráðherra með húsafriðunarmál. Eyþór sagðist myndu koma þessu með friðlýsingu á framfæri við bæjarráð Hveragerðis.
Fundi slitið kl. 12:15 og fundargestum boðið að þiggja súpu og brauð í boði félagsins.
Funarritari var Sæunn Freydís Grímsdóttir.